



Skipulagsnefnd Skaftárhrepps

Fundur nr.154 **Málsnr 1801006** var haldinn á Kirkjubæjarstofu, Kirkjubæjarklaustri, mánudaginn 17.janúar 2020 klukkan 15:00.

Mætt eru: Jón Hrafn Karlsson formaður, Bjarki Guðnason, Gústaf B. Pálsson, Kristbjörg Hilmarsdóttir og Rúnar Þorri Guðnason (v.m. Davíðs Andra Agnarssonar sem boðaði forföll). Jafnframt Ólafur Elvar Júlíusson skipulags- og byggingarfulltrúi sem ritar fundargerð.

1. 1908016 Flaga 2 – Deiliskipulag til samþykktar.

Deiliskipulagið tekur til lóðar með landnúmer 176602, Flaga II land í Skaftárhreppi. Heildarstærð deiliskipulagssvæðisins er 1,4 ha. Deiliskipulagið tekur til íbúðarhúss, geymslu, ferðapjónustuhúsa og bílastæða. Í aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022 er svæðið skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði í deifbýli, V4 þar sem íbúðarhús er nýtt fyrir ferðapjónustu.

Ein athugasemd barst á auglýsingatíma frá Gunnari Sveinssyni Flögu 1.

Tillagan var auglýst frá og með fimmtudeginum 7.nóv. til og með 19.des. 2019

Fyrir liggja umsagnir Minjastofnunar Íslands, Vegagerðarinnar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

„Skipulagsnefnd frestar afgreiðslu málsins. Skipulagsnefnd felur skipulags- og byggingarfulltrúa með fulltingi sveitarstjóra að leita leiða með umsækjanda að lausn við athugasemdum Vegagerðarinnar.“

2. 2001003 Hrífunes – stofnun nýrra lóða úr Landnúmeri 163373.

Hadda Björk Gísladóttir og Haukur Snorrason f.h. Look North ehf. kt. 710809-0540, óska heimildar að skipta upprunalandinu Hrífunes lóð, L163373, sem er 6,3ha í heildina í tvær lóðir sem fái heitin Hrífunes 1A (7831m² / 0,78 ha) og Hrífunes 2A (55307m² / 5,53ha).

„Skipulagsnefnd samþykkir lóðarskiptin þó með fyrirvara um aðgengi að lóðum 216583, 163373 og 222434 verði tryggt sem fyrr. Umsækjanda bent á veghönnunarreglur Vegagerðarinnar með tilliti til fjarlægða milli gatnamóta.“

3. 2002004 Heiði – stofnun nýrrar lóðar úr Landnúmeri 1163354.

Jón Erlendsson f.h. dánarbús Bjarna J Gottskáلكssonar kt. 110526-4239, óskar heimildar að stofna nýja lóð „Heiði hús“ 936m² úr upprunalandinu Heiði, L163354, sem er um 230ha að stærð.

„Skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um að aðgengi frá Holtstvegi, vegi nr. 206 sé tryggt.“

GBP. JHK
KH. RPA
BVG

4. 2002005 Mörtunga 1 – stækkun lóðar Landnúmer 179506 úr Landnúmeri 163411.

Aðalbjörg Jónsdóttir kt. 120564-3079, Eiríkur Þór Jónsson kt. 190462-2939 og Jóna Björk Jónsdóttir kt. 011165-5169, óska heimildar að stækka lóðina Mörtunga lóð, L179506 úr 2900m² í 12113,6m². Upprunalandið sem stækkunin er tekin úr er Mörtunga 1, L163354.

„Skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um samþykki landeigenda Mörtungu 2 L163412, Mörtunga Kviadalur L225393.“

5. 1904001 Endurskoðun aðalskipulags – staða mála til kynningar.

6. Lóðarmál á Kirkjubæjarklaustri til kynningar.

Fleirra ekki gert, fundi slitið kl. 16.50

Leifjal Karksson

*Kristbjörg Hilmarsslóttir
Guðaf B. Pálsson
Rúnar P. Guðnason
Bjarl. U. Guðnason*